**70. fundur íþrótta og æskulýðsnefndar Skaftárhrepps haldinn 1. október 2017 í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Fundur hefst kl. 20**

**Mættir voru undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.**

Kristín Lárusdóttir ritar fundargerð

1. Fjárhagsáætlun
   a. 17.júní – íþrótta og æskulýðsnefnd óskar eftir sömu upphæð og fyrir árið 2017
   b. Íþrótta og æskulýðsnefnd leggur til að gjaldskrá íþróttamiðstöðvar fyrir árið 2018 verði óbreytt frá árinu 2017.
   c. Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar kemur með lista yfir það sem þarf að laga í Íþróttamiðstöð. Hann mun ásamt formanni íþrótta og æskulýðsnefndar fara á fund með sveitastjóra og sveitastjórn næsta þriðjudag með listan
   d. Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar sýnir nefndarmönnum mikla aukningu á aðsókn í íþróttamiðstöð. Íþrótta og æskulýðsnefnd vill að skoðað verði hvort ekki sé orðinn grundvöllur að hafa sundlaug opna á sunnudögum allan ársins hring
   e. Íþrótta og æskulýðsnefnd vill ítreka að skipulagsnefnd klári stækkun á reit fyrir íþróttavöll við Íþróttamiðstöð og fari að vinna málið áfram. Ljóst er að það kostar mikla peninga að koma upp nýjum íþróttavelli og verður vonandi gert ráð fyrir einhverjum peningum í það verkefni í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og á næstu árum
   f. Íþrótta og æskulýðsnefnd óskar eftir því að félagsmiðstöð verði kláruð sem fyrst til að unglingarnir geti farið að nota aðstöðuna á nýjum stað.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 21.30

| | |
|---|---|
| Kristín Lárusdóttir | Arnhildur Helgadóttir |
| Kristín Lárusdóttir | Arnhildur Helgadóttir |
| Bjarni Bjarnason | |
| Bjarni Bjarnason | Sigmar Helgason |

Katarzyna Korolczuk